

# Fundargerð 887. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 25. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Eygerður Margrétardóttir, verkefnisstjóri í úrgangs- og umhverfismálum, sat fundinn undir fyrstu þremur liðunum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 866. fundar - 2009100SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 886. fundar stjórnar sambandsins frá 28. ágúst 2020.

*Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta fundi sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.*

### 2. Verkfærakista sveitarfélaga í loftslagsmálum - kynning - 2009326SA

Eygerður Margrétardóttir, verkefnisstjóri í úrgangs- og umhverfismálum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins kynnti framkvæmd samnings um verkefnið Verkfærakista sveitarfélaga í loftslagsmálum, sbr. bókun á fundi stjórnar 28. ágúst sl. Fjallaði Eygerður um helstu markmið með verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum en þau eru að 1) hafa aðgengilegar og samræmdar leiðbeiningar og sniðmát fyrir sveitarfélög um mótun lofsslagsstefnu og aðgerðaráætlaða, 2) útbúa einfaldan losunarreikning til að meta losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri sveitarfélaga og 3) miðla þekkingu og reynslu um loftslagsmál til og á milli sveitarfélaga.

*Stjórn sambandsins þakkar kærlega fyrir kynninguna og lýsir yfir mikilli ánægju með verkefnið sem verður kynnt nánar á næsta fundi samráðsvettvangs sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið sem haldinn verður í október.*

### 3. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lögð fram fundargerð 55. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 7. september 2020.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áréttar þá afstöðu að álagning urðunarskatts sé ótímabær og óskynsamleg. Ljóst er að verði urðunarskattur lögfestur mun hann leiða til gjaldskrárhækkana hjá sveitarfélögum. Við núverandi efnahagsástand er mikilvægt að ríki og sveitarfélög taki höndum saman um að hækka ekki álögur á íbúa að nauðsynjalausu.*

Eygerður Margrétardóttir vék af fundi kl. 12:40.

### 4. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 2009346SA

Lögð fram fundargerð 41. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 31. ágúst 2020.

*Samþykkt að fá breytingastjóra stafrænnar þjónustu hjá sambandinu inn á næsta fund stjórnar til að gera grein fyrir stöðu mála.*

### 5. Fundir með ráðherrum og fulltrúum ráðuneyta - 2009573SA

Lagt fram minnisblað formanns og framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 23. september 2020, um yfirlit um fundi með ráðherrum og fulltrúum ráðuneyta í ágúst og september 2020. Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir málinu.

Eypór Laxdal Arnalds kom inn á fundinn kl. 13:25.

### 6. Fundir Jónsmessunefndar - 2009367SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 16. september 2020. Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá vinnu við gerð samkomulags á grundvelli LOF og viðræðum um stuðning ríkisins við sveitarfélög vegna neikvæðra áhrifa COVID-19 á fjárhag sveitarfélaga. Fram kom að búið er að boða til fundar í Jónsmessunefnd nk. mánudag þar sem til afgreiðslu verða drög að samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál (LOF) og í framhaldinu þarf stjórn sambandsins að fjalla um málið.

*Samþykkt að boða til fjárfundar stjórnar kl. 12:00 nk. þriðjudag.*

### 7. Fjárhagsstaða sveitarfélaga versnar til muna - frétt - 2009147SA

Lögð fram frétt sem birt var á heimasíðu sambandsins 22. september sl., um árshlutauppgjör stærstu sveitarfélaganna fyrir fyrri hluta árs 2020. Þar kemur fram að rekstur þessara sveitarfélaga hefur snúist töluvert til verri vegar.

*Stjórn sambandsins telur mikilvægt að ríkið styðji sveitarfélögin með veglegum fjárframlögum til að tryggja að þau geti staðið vörð um þá mikilvægu grunnþjónustu sem þeim ber að sinna skv. lögum, sbr. fyrri samþykktir stjórnar sambandsins frá 24. apríl og 29. apríl 2020.*

## 8. Fjárhagsaðstoð til framfærslu 2019-2021 - 2009670SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 22. september 2020, um fjárhagsaðstoð til framfærslu 2019-2021. Þar kemur fram að fjárhagsaðstoð 10 stærstu sveitarfélaganna hefur aukist um u.þ.b. 30% fyrstu átta mánuði ársins m.v. sama tímabil 2019. Í áætlunum er gert ráð fyrir tæplega 58% hækkun árið 2021.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þakkar fyrir minnisblaðið og leggur áherslu á að áfram verði fylgst náið með þróun fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga. Stjórn sambandsins telur mikilvægt að ríkið styðji sveitarfélögin fjárhagslega vegna aukinna útgjalda til fjárhagsaðstoðar í tengslum við versnandi fjárhagsstöðu margra einstaklinga og fjölskyldna sem þurfa á aðstoð sveitarfélaga að halda vegna neikvæðra áhrifa COVID-19.

## 9. COVID-19 og sveitarfélög á Norðurlöndum - 2009671SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 23. september 2020, um aðgerðir ríkisstjórnar á Norðurlöndum fyrir sveitarfélög vegna COVID-19.

Stjórnin þakkar góða greinargerð um fjárhagslega stöðu sveitarstjórnarstigsins á hinum Norðurlöndunum og yfirlit yfir þann stuðning sem ríkisstjórnir þar eru að veita sveitarfélögum. Það virðist vera ljóst að ríkisstjórnir annarra Norðurlanda leggja ríkan metnað í að sveitarfélögin geti veitt íbúum góða þjónustu þrátt fyrir þá efnahagslægd sem nú ríkir. Stjórnin gerir sér glögga grein fyrir því að aðstæður sveitarfélaga á Norðurlöndum eru um margt ólíkar en þrátt fyrir það virðast ríkisstjórnir annarra Norðurlanda taka með öðrum hætti á málefnum sveitarfélaga en hér hefur verið gert. Stjórnin ítrekar mikilvægi þess að ríkisstjórnin standi með sveitarfélögum á þessum erfiðu tímum og að áfram verði fylgst grannt með stöðu sveitarfélaga og brugðist við þannig að sveitarstjórnarmenn geti hvílt í því öryggi að ríkisstjórnin standi við bakið á þeirra mikilvægu starfsemi.

Bjarni Jónsson vék af fundi kl. 14:51.

## 10. Staða kjaramála - 2009187SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 16. september 2020, um stöðu kjaramála í september 2020.

Gunnar Einarsson vék af fundi kl. 15:07. Raket Óskarsdóttir vék af fundi kl. 15:15.

## 11. Landsþing 2020 - 2009390SA

Tekin upp að nýju umræða um landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2020, sem áður var á dagskrá stjórnar sambandsins 28. ágúst sl. Á þeim fundi var landsþinginu frestað.

Mikil óvissa er ennþá í þjóðfélaginu vegna COVID-19 og ekki er búið að rýmka reglur um stóra fundi og samkomur nægilega mikið svo hægt sé að halda landsþing sambandsins á næstunni. Í ljósi þess samþykkir stjórnin að fella niður landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2020. Næsta landsþing verður því vorið 2021.

Kristján Þór Magnússon vék af fundi kl. 15:20.

**12. Fasteignaskattur í ljósi efnahagslegrar áhrifa sóttvarna - beiðni um viðræður - 2009357SA**

Lagt fram bréf Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka verslunar og þjónustu, dags. 9. september 2020, um beiðni um viðræður um fasteignaskatt í ljósi efnahagslegra áhrifa sóttvarna.

*Formanni og framkvæmdastjóra var falið að funda með fulltrúum SAF og SVP.*

**13. Ný reglugerð um fráveitur og skólp og stuðningur við fráveituframkvæmdir - 2009696SA**

Lögð fram minnisblöð sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. september 2020, um drög að reglugerð um fráveitur og skólp og stuðning við fráveituframkvæmdir.

*Stjórnin telur brýnt að stuðningur við fráveituframkvæmdir komist sem fyrst til framkvæmda. Stjórnin krefst þess að öllum ákvörðunum um auknar kröfur um hreinsun frárennslis verði frestað enda er ljóst að slíkar breytingar muni hækka stofn- og rekstrarkostnað fráveitna, og þar með álögur á íbúa og fyrirtæki.*

Eypór Laxdal Arnalds vék af fundi kl. 15:25.

**14. Aðkoma Sambands íslenskra sveitarfélaga að Framfaravoginni - 2009118SA**

Lögð fram bókun bæjarráðs Árborgar frá 10. september 2020, og bókun bæjarráðs Kópavogs frá 17. september 2020, um aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga að Framfaravoginni en málið var áður til umfjöllunar á fundi stjórnar sambandsins 31. ágúst sl.

*Stjórnin áréttar fyrri afstöðu, sem samþykkt var á fundi stjórnar 31. ágúst sl., að þær erfiðu aðstæður sem sveitarfélög glíma nú við í rekstri sínum takmarki möguleika þeirra til að taka þátt í nýjum verkefnum og gefi því ekki sambandinu tilefni til að beita sér í þessu tiltekna máli að svo stöddu. Stjórnin áréttar jafnframt að sambandið hefur um langt skeið kallað eftir úrbótum á opinberum hagþölum um velferðar- og menntamál og raunar einnig á fleiri sviðum. Þessi áhersla mun áfram verða leiðarljós í starfsemi sambandsins.*

*Stjórnin telur engu að síður mögulegt að verkefnið Framfaravogin verði kynnt á vettvangi sambandsins, svo sem í vinnu samstarfsvettvangs sveitarfélaga um loftslagsmál og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. COVID-19 heimsfaraldurinn hefur orðið til þess að hægja varð á starfsemi þessa vettvangs en framundan eru fundir í vinnuhópum samstarfsvettvangsins, þar sem m.a. hefur verið rætt um hvaða mælikvarðar eru til staðar hjá Hagstofu Íslands og hvort og þá með hvaða hætti er hægt að skipta þeim niður á landshluta og/eða sveitarfélög.*

**15. Tilnefning í fagråd um siglingamál - 2009167SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 17. september 2020, þar sem Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar, og Rebekka Hilmaradóttir, Bæjarstjóri Vesturbyggðar, eru tilnefnd í fagråd um siglingamál 2020-2023. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

- 16. Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna - 2009328SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 17. ágúst 2020, um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- 17. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra - 2009289SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 24. ágúst 2020, um drög að frumvarpi til laga um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra, mál nr. 130/2020.
- 18. Umsögn um þingsályktunartillögu um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022 - 2009654SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 31. ágúst 2020, um þingsályktunartillögu um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022, 968. mál.
- 19. Umsögn um áform um frumvarp til laga um samhæfingu stefna og áætlana á sviði samgöngu- og sveitarstjórnarmála - 2009322SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 2. september 2020, um áform um frumvarp til laga um samhæfingu stefna og áætlana á sviði samgöngu- og sveitarstjórnarmála, mál nr. S-152/2020.
- 20. Umsögn um áform um breytingu á hollustuháttalögum - 2009251SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 9. september 2020, um áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum hollustuhætti og mengunarvarnir (menntun og þjálfun sundkennara, eftirlit með starfsemi og athöfnum o.fl.), mál nr. S-174/2020
- 21. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 - 2009205SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 10. september 2020, um áform um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010, mál nr. 159/2020.
- 22. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2013. - 2009439SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 14. september 2020, um áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2013.

**23. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur - 2009638SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 15. september 2020, um áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, mál nr. 164/2020.

**24. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða - atvinnu- og byggðakvótar o.fl. - 2009662SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 18. september 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.), mál nr. 175/2020.

**25. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2019 - 2009663SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 18. september 2020, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2019, mál nr. 185/2020.

**26. EES forgangslisti Íslands 2020-2021 - 2009211SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til utanríkisráðuneytisins, dags. 21. september 2020, um forgangsmál Íslands gagnvart ESB 2020-2021, mál nr. 178/2020.

**27. Landbúnaðarstefna fyrir Ísland - 2009612SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 16. september 2020, um að samráð verði haft við sveitarfélög um mótun landbúnaðarstefnu.

**28. Skjalavistunarkerfi sambandsins og öryggismál - 2009713SA**

Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerði grein fyrir málinu.

Fundi var slitið kl. 15:37

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Pórdís Lóa Pórhallsdóttir

---

Eyþór Laxdal Arnalds

---

Gunnar Einarsson

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson

---

Rakel Óskarsdóttir

---

Bjarni Jónsson

---

Kristján Þór Magnússon

---

Jón Björn Hákonarson

---

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

---

framkvæmdastjóri

---

ritari